

## Ritryni fræðilegra greina í Iðjupjálfanum

### Tímaáætlun og ferli



1. Handrit að grein, ásamt upplýsingum um höfund/a, berst til ritstjóra Iðjupjálfans ([ritnefnd.ii@sigl.is](mailto:ritnefnd.ii@sigl.is)). Ritstjóri tekur ákvörðun um hvort handritið uppfylli skilyrði til ritryningar og áframsendir þá til fræðilegrar ritstjórnar.
2. Fræðileg ritstjórn tekur ákvörðun innan tveggja vikna frá því að handrit berst hvort handritið verður ritrynt eða hvort höfundur þarf að vinna það betur og tilkynnir höfundi ákvörðunina.
3. Ef handritið fer í ritryni velur fræðileg ritstjórn tvo ritryna til verksins.
4. Fræðileg ritstjórn sendir væntanlegum ritrynum fyrirspurn, í tölvupósti eða símleiðis, innan þriggja vikna frá því að handritið barst.
5. Hafi væntanlegir ritrynar ekki svarað innan viku skal fyrirspurnin ítrekuð og hringt í viðkomandi ef tölvupósti er ekki svarað.
6. Handrit og leiðbeiningar skulu komnar í hendur ritryna ekki síðar en sjö vikum eftir að handritið barst ritstjóra.
7. Miðað er við að ritrynar hafi fjórar vikur til að rýna handritið og skila því til fræðilegrar ritstjórnar.
8. Fræðileg ritstjórn hefur tvær vikur til að ákveða niðurstöðu. Sé verulegur ágreiningur milli ritrynanna tveggja getur fræðileg ritstjórn leitað álits þriðja ritrynis.
9. Höfundur fær tilkynningu um niðurstöðu innan fjögurra mánaða frá því handritið barst ritstjóra upphaflega.
10. Höfundur hefur sex vikur til að yfirfara og lagfæra handrit.
11. Handriti er skilað aftur til ritstjóra sem, ásamt fræðilegri ritstjórn, tekur ákvörðun um hvort það þurfi að fara aftur til annars eða beggja ritryna.
12. Liðir 7 og 8 eru endurteknir og ekki skulu líða nema sex vikur frá því handrit berst fræðilegri ritstjórn í annað sinn og þar til ritryningarferlinu hjá tímaritinu er lokið.
13. Ritstjóri og fræðileg ritstjórn geta lagt til minni háttar breytingar á handritinu er lúta m.a. að orðanotkun og stíl.
14. Höfundur fær próförk til yfirlstrar áður en handritið fer í prentun.

Sjá nánar á mynd á næstu síðu.

